

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. maí 2015.

Félag fréttamanna veitir hér með umsögn um mál nr. 647, frumvarp til laga um miðlun upplýsinga og vernd uppljóstrara, í samræmi við ósk um umsögn dagsett 6. maí síðastliðinn.

Að mati Félags fréttamanna er tilgangurinn með þessu frumvarpi góður. Það er gott mál og reyndar nauðsynlegt að styrkja stöðu þeirra sem ljóstra upp málum sem eiga erindi við almenning.

Félagið gerir hins vegar athugasemdir við að ekkert er minnst á slíka vernd til fjölmiðlafólks í frumvarpinu og aðeins tæpt á þeirra hlutverki í greinargerð og athugasemdum. Þar er minnst á lagaákvæði um vernd heimildarmanna og það má skilja flutningsmenn þannig að það ákvæði veiti þeim nægilega vernd.

Í frumvarpinu er meðal annars lagt til að það eigi ekki að refsa uppljóstraranum ef hann hefur verið í góðri trú með að upplýsingarnar vörðuðu almenning, þó að dómstólar komist að raun um að svo sé ekki. En hvað ef blaðamaður lendir í þessari stöðu? Hvað ef hann metur að málið eigi erindi við almenning (og maður skyldi ætla að fjölmiðill hafi góða tilfinningu fyrir slíku) en dómstólar ekki? Verður þá hægt að refsa honum (eins og dæmi eru reyndar um)? Að mati félagsins þarf að skýra þetta betur.

Það kemur líka fram í athugasemd við 10. gr. frumvarpsins að uppljóstrarinn fær líka vernd þó að gögnin séu afhent fréttamanni sem ekki starfi á fjölmiðlaveitu. Miðað við það gæti þetta þess vegna verið einhver bloggari. Ef lagagreinin gefur þetta í alvöru til kynna gerum við athugasemdir við það. Það er rauður þráður í gegnum frumvarpið að málið þurfi að eiga erindi við almenning, og aftur eiga fjölmiðlar að geta metið það best, enda fást þeir við það á hverjum degi að meta það um ýmis mál.

Félagið leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeirri viðbót að vernd fjölmiðlamannsins sem segir frá því máli sem ljóstrað er uppi um verði betur skýrð.

Virðingarfyllst, fyrir hönd Félags fréttamanna,

Hallgrímur Indriðason, formaður